

Nd.

598. Frumvarp til laga

[170. mál]

um innflutning og sölu á jólatrjám.

Flm.: Jónas Árnason, Gylfi Þ. Gíslason, Ásgeir Bjarnason,  
Jónas Rafnar.

1. gr.

Landgræðslusjóður hefur einkarétt til innflutnings og sölu á jólatrjám og trjágreinum til skreytingar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Innflutningur og sala á trjám og greinum til jólagleði hér á landi hefur lengstum verið í höndum einkafyrirtækja, en árið 1950 varð á sú breyting, að landgræðslusjóður fékk hlutdeild í þessari starfsemi. Sjóðurinn sá þá um þriðjunginn af heildarinnflutningnum og hagnaðist tiltölulega vel af, eða um rúmar 47 þús. kr. Hitt féll í hlut tveggja einkafyrirtækja. Um seinustu jól varð ekkert úr þessum innflutningi af ástæðum, sem allir þekkja.

Það þarf ekki að kynna landgræðslusjóð fyrir alþingismönnum. Hann var stofnaður með samskotum árið 1944 og hefur það takmark að efla skógrækt og aðra landgræðslu. Fjárhagur hans hefur ekki verið eins góður og skyldi; þó hafa félög ýmiss konar og samtök fengið lán úr honum til landgræðslu víða um héruð, og er hann þannig þegar orðinn til mikils gagns. Styrktarfélagar hafa lagt sjóðnum talsvert fé. En stuðningur hins opinbera hefur hins vegar ekki verið eins mikill og vert væri. Að visu voru á sínum tíma gefin vilyrði um, að sjóðurinn yrði efldur með ágóða þeim, sem fengist af sölu setuliðseigna, og um það atriði vitnar t. d. bréf til stjórnar sjóðsins, dagsett 13. marz 1947 og undirritað af sölunefnd setuliðseigna (Skúla Thorarensen, Helga Eyjólfssyni, Birni Bjarnasyni, Sigurjóni Á. Ólafssyni og Daniel Ágústínussyni), en þar segir svo:

„Samkvæmt fyrirspurn stjórnar landgræðslusjóðs vegna ágóða af sölu setuliðseigna viljum við undirritaðir nefndarmenn taka fram:

Þegar við áttum okkar fyrsta fund með þáverandi fjármálaráðherra, Birni Ólafssyni, er við tókum við starfi okkar, skýrði hann frá því, að hann hefði hugsað sér, að væntanlegum ágóða af framkvæmd sammingsins, sem óvíst var hver yrði, skyldi ráðstafað til skógræktar og sandgræðslu. Samkvæmt þessu gaf sölunefndin mönnum í skyn, að fé því, sem þeir greiddu fyrir eignirnar, yrði vel varið, og telur nefndin, að vegna þess hafi hún a. m. k. á ýmsum stöðum náð hagkvæmari sölu.

Nú hefur þetta farið betur en við var búzt, og nefndin hefur þegar greitt ríkissjóði kr. 200000.00, og má enn búast við nokkrum ágóða. Þætti nefndinni mjög vel viðeigandi, ef ríkisstjórnin sæi sér fært að efna þetta hálgildings loforð og láta viðkomandi aðila njóta þess ágóða, sem óuppgerður kann að vera.“

En það er skemmt frá að segja, að landgræðslusjóður hefur ekki fengið eyri af þessum mikla ágóða. Hið opinbera stendur þannig í óbættri skuld við sjóðinn; og með því að samþykkja þetta frv. gæti Alþingi séð til þess, að sú skuld yrði að nokkru bætt.

Heildarágóði af innflutningi og sölu á jólatrjám og greinum mun að líkindum ekki vera undir 100 þús. kr. árlega. Starfsemin krefst tiltölulega lítillar fyrirhafnar; þetta er auðfenginn gróði; það virðist sjálfsagt, að hann hætti að ganga til örfárra einstaklinga, en renni þess í stað allur til almenningsheilla og landfegrunar.

Landgræðslusjóður nemur nú um 600 þús. kr., en þegar hann verður orðinn yfir 1 millj. kr., þá er það von manna, að hefja megi úr honum beinar styrkveitingar til þeirra velferðarmála, sem hann er ætlaður. Hundrað þúsund króna árlegur ágóði af sölu á jólatrjám og greinum mundi flýta mjög fyrir, að því takmarki yrði náð.

Þessum rökstuðningi fyrir nauðsyn frumvarpsins mætti svo gjarnan ljúka með því að benda á þá staðreynd, að efling landgræðslusjóðs stytir að sjálfsögðu hið ína eftir þeim tíma, þegar Íslendingar geta fengið sín jólatré af eigin landi, en þurfa ekki lengur að verja gjaldeyri til kaupa á þeim erlendis frá.